

Til landbúnaðarnefndar Alþingis
Alþingi við Austurvöll
150 Reykjavík

Reykjavík, 1. febrúar 2002

Efni: Athugasemdir við frumvarp til laga um breytingu á búnaðarlögum, nr. 70/1998, með síðari breytingum. (Lagt fyrir Alþingi á 127. löggjafarþingi 2001-2002, þskj. 485 - 350. mál)

Um áramóttin frétti undirritaður fyrir tilviljun að búið væri að leggja fram á Alþingi frumvarp til laga um breytingu á búnaðarlögum, nr. 70/1998, með síðari breytingum, nánar tiltekið á 16. gr. laganna.

Þar sem ég hef allt frá 1995, verið tengiliður Íslands við FAO (Matvæla- og landbúnaðarstofnun Sameinuðu Þjóðanna) og EAAP (Búfjárræktarsamband Evrópu) varðandi skráningu og verndun allra erfðaauðlinda búfjár í heiminum, hef haft umsjón með geitfjárræktinni hjá Bændasamtökum Íslands um nær tveggja áratuga skeið og er formaður Forystufjárræktarfélag Íslands, sem stofnað var um sumarmál 2000, leyfi ég mér að senda landbúnaðarnefnd Alþingis eftirfarandi athugasemdir við framangreint lagafrumvarp, óbeðinn og að eigin frumkvæði. Það geri ég í anda sjálfbærrar þróunar með tilvísun í Ríó-sáttmálanum frá 1992 þar sem m.a. voru sett fram markmið um verndun líffræðilegs fjölbreytileika og tryggingu fyrir erfðabreytileika. Þar kemur og fram að verndun og nýting erfðaauðlinda skuli vera á ábyrgð þjóðríkja.

1) Ég tel að við endurskoðun ákvæða búnaðarlaga um verndun erfðaefnis búfjár, og þeirra auðlinda sem í því felast, þurfi auk 16. gr. að endurskoða a.m.k. 9. gr. þeirra laga sem m.a. kveður á um skuldbindingar Íslendinga um varðveislu líffræðilegrar fjölbreytni. Jafnframt tel ég að endurskoða þurfi verndunarákvæði laga um innflutning dýra nr. 54/1990 til samræmis, einkum 12. gr. þeirra laga. Þannig verði rennt styrkari stöðum undir verndun innlands erfðaefnis búfjár sem gæti stafað ógn af innflutningi. Í því sambandi tel ég að mjög sé orðið tímabært að lögbinda ákvæði um "verndunarmat", sbr. tillögur sem ég hef sent landbúnaðarráðuneytinu og Erfðanefnd búfjár (sjá meðfylgjandi ljósrít af minnisblaði). Að mínum dómi eru ofangreind lög og framlagðar tillögur um breytingu á 16. gr. búnaðarlaga ekki nægilega í takt við tímann og tryggi innlendu erfðaefni ekki þá vernd sem því ber að hafa eigi að virða stefnumið sjálfbærrar þróunar.


2) Í 1. mgr. 16. gr. er gert ráð fyrir fjölgun í erfðanefnd enda fjalli hún einnig um erfðaefni nytjajurta og trjáa. Á seinni árum hafa verið stofnuð nokkur félög sem hafa það að megin markmiði að vernda sérstæð búfjarkyn, stofna og eiginleika, svo sem Geitfjárræktarfélag Íslands, Forystufjárræktarfélag Íslands, Búkolla og Litfari. Í Ríó-sáttmálanum er lögð nokkur áhersla á að virkja frjáls félagasamtök við eflingu sjálfbærrar þróunar (NGOs). Því legg ég til að landbúnaðarnefnd athugi hvort til greina komi að landbúnaðarráðherra geti skipað 1-2 fulltrúa slíkra samtaka í væntanlega erfðanefnd landbúnaðarins.

3) Í þeim breytingum sem lagðar hafa verið til á 16. gr. er hvergi vikið að erfðauðlindum, sem ég tel reyndar nauðsynlegt, sbr. samsvarandi hugtak t.d. á ensku, "genetic resources" og á norsku, "genetiske ressurser". Aftur á móti eru í frumvarpinu tilgreindar "erfðalindir" sem er trúlega tilraun til nýyrðamyndunar og munu "lindir" þessar eiga upptök sín hjá Rannsóknastofnun landbúnaðarins á Keldnaholti, það ég best veit. Sé orði þessu ætlað að koma í stað hins vel þekkta og skiljanlega orðs "erfðauðlindir", sem er svipaðrar ættar og orðið "náttúruauðlindir", tel ég það fráleitt því að það getur ekki haft sömu merkingu eftir að "- auð" hefur verið sleppt úr. Sé það gert er verið að rýra eða minnka merkinguna og gera minna úr verðmæti erfðaefnis að ástæðulausu. Þarna er "lind" í óeiginlegri merkingu sem "uppspretta", sem í sjálfu sér er eðlilegt, en sú tilraun til styttingar breytir merkingunni hugtaksins mikið. Engum myndi detta í hug að breyta orðinu "náttúruauðlindir" í "náttúrulindir", ekki hefur orðið "maður" sömu merkingu og orðið "auðmaður" og "jurtaerfðafræðingur" sættir sig trúlega ekki við starfsheitið "jurtafræðingur" eða "stofnerfðafræðingur" við starfsheitið "stofnfræðingur" svo að dæmi séu tekin um meingallaðar eða fráleitir styttingar. Vera má að hugtakið "erfðalind" sé gott og gilt í einhverri annari merkingu, t.d. sem "uppspretta erfðavísa", en í framangreindum lagatexta gæti það ekki átt við og því legg ég eindregið til að í stað orðsins "erfðalind" komi alls staðar orðið "erfðauðlind" eins og vera ber í merkingunni "verðmætt erfðaeftni". Ef það er ekki talið henta í öllum liðunum gæti orðið "erfðaeftni" komið að tilætluðum notum í sumum þeirra. Það er alþekkt orð og þar að auki er merking þess skýrð í 1. gr. laga um innflutning dýra nr. 54/1990.

4) Í fylgiskjali með frumvarpinu er umsögn frá fjármálaráðuneytinu og segir þar m.a.:
....."Verði frumvarpið óbreytt að lögum verður ekki séð að það hafi aukinn kostnað í för með sér." Nú er ljóst að nýju erfðanefndinni er ætlað víðtækara hlutverk en til þessa. Auk búfjár á hún einnig að fjalla um nytjajurtir og tré og ráðgert er að nefndarmönnum fjölgi úr fimm í sjö. Einnig er nefndinni ætlað mjög aukið fræðslu- og upplýsingahlutverk og að auki erlend samskipti. Því má ætla að starfsemin aukist fremur en að hún standi í stað eða dragist saman, enda ýmis brýn verkefni framundan, svo sem gerð verndunaráætlunar fyrir íslenskt erfðaeftni í landbúnaði. Eigi Íslendingar að standa við þær alþjóðlegu skuldbindingar, sem þeir hafa tekist á hendur, og greint er frá í athugasemdum við lagafrumvarpið, tel ég óraunhæft að lagabreytingin hafi ekki aukinn kostnað í för með sér fyrir ríkissjóð. Fari svo að fram hjá þessu verði lítið er ástæða til að óttast að m.a. verði dregið úr möguleikum erfðanefndarinnar til að stuðla að verndun erfðauðlinda búfjár en ég er þeirrar skoðunar að aðgerðir nefndarinnar hafi skilað töluverðum árangri í verndun landnámskynja á borð við geitfé og hænsni sem eru í útrýmingarhættu.

Óski landbúnaðarnefnd eftir nánari skýringum við framangreindar athugasemdir og ábendingar er ég reiðubúinn að mæta á fund hennar.

Með vinsemd og virðingu,



Ólafur R. Dýrmondsson
Formaður Forysturæktarfélags Íslands

Fylgiskjal:

Afrit minnisblaðs til landbúnaðarráðuneytisins og Erfðanefndar búfjár, dags. 25. janúar 2002

MINNISBLAÐ
til landbúnaðarráðuneytisins
og
Erfðanefndar búfjár

Dagana 23. - 25. ágúst s.l. sat undirritaður málþing í Búdapest um verndun erfðaefnis búfjár, fyrst hjá Rare Breeds International (RBI) og Búfjarræktarsambandi Evrópu (EAAP) þar sem fjallað var um sjaldgæfar erfðaauðlindir búfjár, en þar flutti ég erindi um hið einstaka íslenska forystufé, og síðan sem fulltrúi Íslands á vinnufundi FAO o.fl. aðila um skráningu, verndun og áætlanagerð um allar erfðaauðlindir búfjár í heiminum. Í bréfi til Erfðanefndar búfjár dags. 31. ágúst 2001 og sem gestur á fundi nefndarinnar 4. janúar 2002 greindi ég stuttlega frá þessum málþingum og kynnti tillögur mínar um "verndunarmat" vegna innflutnings á erfðaeftni. Var óskað eftir nánari greinargerð um þá tillögu og er það gert á þessu minnisblaði, með tilvísun í viðkomandi lög.

Í niðurlagi 12. gr. laga um innflutning dýra nr. 54/1990 segir: "Gæta skal þess að eiginleikar í íslenskum búfjarkynjum tapist ekki við íblöndun við innflutt kyn. Heimilt er að setja í reglugerð ákvæði sem kveða á um að aðeins megi nota hið innflutta kyn til einblendingsræktar telji ráðunautur Búnaðarfélags Íslands og / eða viðkomandi búfjarræktarnefnd ástæðu til".

Slík reglugerð er ekki til og ekki eru í lögnum nein önnur ákvæði sem gætu tryggt verndun innlends erfðaefnis búfjár þegar verið er að flytja inn önnur kyn og stofna.

Í búnaðarlögum nr. 70/1998 eru verndunarákvæði í 9. gr. og 16. gr. Þannig segir í niðurlagi 9. gr: "Búfjarræktin skal taka mið af skuldbindingum Íslendinga um varðveislu líffræðilegrar fjölbreytni". Í 12. gr. um Erfðanefnd búfjár segir um verkefni nefndarinnar:

"Helstu verkefni nefndarinnar skulu vera:

a) að fylgjast með og halda skrá um erfðabreytileika og þróun hans í helstu búfjárstofnum og ferskvatnsfiskum.

b) að gera tillögur til landbúnaðarráðherra um sérstakar ráðstafanir til verndunar þeirra tegunda, stofna og eiginleika sem eru í útrýmingarhættu að mati nefndarinnar."

Þá segir: "Landbúnaðarráðherra er heimilt með reglugerð að grípa til sérstakra ráðstafana sem nauðsynlegar eru við framkvæmd þessarar greinar." Slík reglugerð er ekki til.

Fyrir Alþingi var fyrr í vetur lagt fram frumvarp til laga um breytingu á búnaðarlögum nr. 70/1998 (127. löggjafarþing 2001-2002, þskj. 485 --- 350. mál.) þar sem gerðar eru tillögur um breytingar á 16. gr. Að mínum dómi renna þær breytingatillögur ekki nægilega styrkum stöðum undir verndun innlends erfðaefnis búfjár sem gæti stafað ógn af innflutningi. Þá er þar hvergi vikið að erfðaauðlindum (sbr. náttúruauðlindir) heldur fjallað um "erfðalindir" en það orð hefur ekki sömu merkingu og orðið "erfðaauðlindir" sem er viðurkennd og skýr þýðing orðanna "genetic resources" í ensku og "genetiske ressursur" í norsku (svipað í dönsku og sænsku).

Í ljósi þeirrar þróunar sem er að verða á alþjóðavettvangi og með tilliti til skuldbindinga skv. Riosamkomulaginu frá 1992, tel ég að ofangreind lög og tillögur um breytingar á þeim síðarnefndu séu ekki í takt við tímann og tryggi innlendu erfðaeefni búfjár ekki þá vernd sem því ber að hafa eigi að virða stefnumið sjálfbærrar þróunar. Því legg ég til gagngera endurskoðun á öllu verndunarákvæðum þessara laga og tel ég það ekki þola neina bið. Jafnframt þarf að hraða reglugerðarsmíð þannig að öll ákvæði verði sem skýrnst og verndunargrundvöllurinn verði traustari en nú er.

Ég hef lýst þeirri skoðun minni fyrir Erfðanefnd búfjár, og opinberlega í grein í Bændablaðinu 18. september 2001, að í ljósi þeirrar verndunarstefnu sem nú er að öðlast alþjóðlega viðurkenningu sé orðið tímabært að breyta áherslum verndunarstarfsins og taka upp FYRIRBYGGJANDI AÐGERÐIR í anda sjálfbærrar þróunar í stað þess að vinna nær eingöngu að verndun kynja, stofna og eiginleika sem þegar eru í útrýmingarhættu. Því legg ég til að lögfest verði krafa um VERNDUNARMAT sem m.a. hafi til hliðsjónar VERNDUNARÁÆTLUN sem stendur til að gera hér á landi. Landbúnaðarráðherra, eða erfðanefndin í umboði hans, myndi krefjast VERNDUNARMATS í hverju tilviki þegar sótt er um innflutning erlends erfðaefnis, það yrði unnið af óháðum aðilum (ekki erfðanefndinni sjálfri) og á kostnað þess aðila sem sækir um innflutninginn, svipað og tíðkast við umhverfismat. Þar með yrðu tekin upp faglegri og vandaðri vinnubrögð við afgreiðslu innflutningsumsókna, betra ráðrúm skapast til málefnalegrar umfjöllunar og auðveldara getur reynst að sætta andstæð sjónarmið. Slíkt VERNDUNARMAT gæti haft sérstaka þýðingu vegna verndunar hinna verðmætu og sérstæðu Landnámskynja búfjár. Í verndunarmati yrði m.a. að gera ítarlega grein fyrir öllum eiginleikum, kostum og göllum, leggja mat á efnahagslega þýðingu og verndunargildi á langtímagrundvelli og sýna fram á hvernig mætti varðveita hið innlenda erfðaeefni sem best í samkeppni við hið innflutta, ef til innflutnings kæmi.

Það er von mín að landbúnaðarráðuneytið og Erfðanefnd búfjár taki til umræðu og afgreiðslu þær tillögur sem hér eru settar fram, þ.e. hugmyndina um verndunarmat á innlendu erfðaeefni vegna hugsanlega eða líklegra áhrifa innflutts erfðaefnis, og hugi jafnframt að tímabærri endurskoðun lagasetningar þar að lútandi. Ég tel að ákvæði um VERNDUNARMAT eigi heima í báðum ofangreindum lögum.

Reykjavík, 25. janúar 2002

Ólafur R. Dýrmondsson